

Efni: Fyrirspurn um húsnæðisuppbyggingu á Stöðvarfirði.

Eftirfarandi fyrirspurn er send í nafni Íbúasamtaka Stöðvarfjarðar og Sterks Stöðvarfjarðar.

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarþróunarverkefninu Brothættar byggðir í mars 2022. Á íbúðabýgingu sem markaði upphafa verkefnis, komu fram helstu málefni sem brunnu á íbúum, ásamt því að stefna verkefnis var gróflega mótuð. Fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn voru kosnir og forgangsröðun verkefna var skilgreind eftir kosningu íbúa um þau málefni sem skiptu þau mestu máli.

Húsnæðismál og íbúðabyggingar var í 2.sæti í forgangsröðun hjá íbúum. Því er ljóst að íbúar Stöðvarfjarðar vilja sjá bæinn vaxa og að áhugasamir einstaklingar og/eða fjölskyldur hafi kost á því að flytja til Stöðvarfjarðar. Eins og staðan er í dag þá er það ekki hægt. Það er lítil hreyfing á fasteignamarkaðinum og engar fasteignir til leigu.

Hins vegar standa um 16 einbýlishús tóm mestan hluta ársins þar sem eignirnar eru í eigu einstaklinga og fjölskyldna sem eru með lögheimili annars staðar en á Stöðvarfirði. Þetta er um 22% fasteigna í bænum.

Því köllum við eftir eftirfarandi upplýsingum frá Fjarðabyggð.

1. Við köllum eftir sýn sveitarfélagsins í húsnæðisuppbyggingu í Fjarðabyggð og þá sérstaklega hér á Stöðvarfirði. Ef við eigum að ná þeim markmiðum sem eiga að nást með þátttöku í Brothættum byggðum þá verðum við að átta okkur á því að grunnurinn að allri uppbyggingu hér á staðnum er að það sé húsnæði í boði fyrir fólk.

2. Það er ástæða fyrir því að Stöðvarfjörður er í Brothættum byggðum, við þurfum öll að vinna saman til þess að sporna við þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Því voru það vonbrigði þegar undirritaður var samningur við Leigufélögin Bríet og Brák, að ekki var minnst á uppbyggingu á Stöðvarfirði þó að við fögnum vissulega uppbyggingu annars staðar í Fjarðabyggð. Munu eiga sér stað samræður við ofangreind leigufélög um aðkomu þeirra að uppbyggingu húsnæðis til leigu á Stöðvarfirði ?

3. Í húsnæðisáætlun Fjarðabyggðar er fjallað um áherslur sveitarfélagsins í húsnæðismálum og þær snúa ekki síst að því að leysa úr þörf fyrir íbúðir fyrir eldri fólk sem vill laga húsnæði að breyttum þörfum. Þá er komið inn á möguleika á stofnstyrkjum til félaga um íbúðabyggingar. Hver er afstaða sveitarfélagsins til stofnstyrkja til félaga þar sem áhersla yrði lögð á byggingu íbúða fyrir eldri borgara ? Eldri borgarar eru hátt hlutfall íbúa Stöðvarfjarðar og margir hafa hug á því að minnka við sig en vilja þó ekki flytja frá staðnum. Því væri upplagt að koma hreyfingu á markaðinn með því að byggja minni íbúðir svo fólk geti minnkað við sig og húsnæði sem hentaði fjölskyldum komi á markaðinn.

4. Hver er afstaða Fjarðabyggðar til beiðna um breytingar á bæði íbúðar-og atvinnuhúsnæðis í gistirými hugsað til útleigu til skemmri tíma ? Getur sveitarfélagið hugsað sér að setja bann á slíka starfsemi nema með þeim kvöðum að einnig er búið í húsnæðinu til lengri tíma ?

Í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins kemur fram að það sé ekki eftirspurn eftir lóðum á Stöðvarfirði (sbr. viðauki-Stöðvarfjörður). Fyrir okkur er það hlutverk sveitarstjórna að búa til eftirspurn í öllum byggðarkjörnum síns sveitarfélags. Grunnurinn að allri uppbyggingu, fjölgun atvinnutækifæra, fjölgun fólks er aðgangur að húsnæði. Og það þarf kjark til þess að taka þá ákvörðun að ráðast í uppbyggingu á húsnæði í litlum byggðarkjarna sem Stöðvarfjörður er. Við þurfum ekki að líta lengra heldur en til Borgarfjarðar eystra til þess að sjá að þetta er vel hægt. Því leitum við eftir samvinnu, samstarfi og samtali við bæjarstjórn og aðra kjörna fulltrúa Fjarðabyggðar um að vinna sameiginlega að því að nýta þá auðlind sem Stöðvarfjörður er og gera bæinn að fýsilegum búsetukosti.

Virðingarfyllst,
Stjórn Íbúasamtaka Stöðvarfjarðar
Bjarni Stefán Vilhjálmsson
Margeir Þór Margeirsson
Friðrik Júlíus Jósefsson
Eyþór Ármann Jónasson
Bryngeir Ágúst Margeirsson

Fyrir hönd Sterks Stöðvarfjarðar
Valborg Ösp Árnadóttir Warén, verkefnisstjóri

